

ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

frá 24. júní 1992

um breytingu á III. viðauka við tilskipun ráðsins 90/539/EBE um skilyrði á sviði heilbrigðis dýra sem hafa áhrif á viðskipti innan bandalagsins og innflutning á alifuglum og útungunareggjum frá þriðju löndum að því er varðar skilyrði við bólusetningu alifugla**(92/369/EBE)**FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 90/539/EBE frá 15. október 1990 um skilyrði á sviði heilbrigðis dýra sem hafa áhrif á viðskipti innan bandalagsins og innflutning á alifuglum og útungunareggjum frá þriðju löndum ⁽¹⁾, eins og henni var síðast breytt með tilskipun 91/496/EBE ⁽²⁾, einkum 34. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

Samkvæmt III. viðauka við tilskipun 90/539/EBE er þess krafist að alifuglar, sem eiga að verða söluvara innan bandalagsins, séu bólusettir með bóluefni sem samræmist kröfum lyfjaskrár Evrópu.

Sem stendur er ekki að finna neina kafla í lyfjaskrá Evrópu um mörg alifuglabóluefni sem eru fánleg í aðildarríkjunum.

Æskilegt er að breyta umræddum viðauka til að heimila notkun bóluefna sem ekki endilega er að finna í köflum lyfjaskrár Evrópu.

Ráðstafanirnar sem kveðið er á um í ákvörðun þessari eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um dýraheilbrigði.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Í stað III. viðauka við tilskipun 90/539/EBE komi viðaukinn við þessa ákvörðun.

2. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 24. júní 1992.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ray MAC SHARRY

framkvæmdastjóri.⁽¹⁾ Stjttíð. EB nr. L 303, 31. 10. 1990, bls. 6.⁽²⁾ Stjttíð. EB nr. L 268, 24. 9. 1991, bls. 56.

*VIÐAUKI**„III. VIÐAUKI***SKILYRÐI FYRIR BÓLUSETNINGU ALIFUGLA**

1. Bóluefni sem notað er við bólusetningu á alifuglum eða hópum sem framleiða útungunaregg verða að hafa markaðsleyfi sem lögbær yfirvöld aðildarríkisins þar sem bóluefnið er notað gefa út.
2. Framkvæmdastjórnin getur ákveðið viðmið fyrir notkun bóluefna gegn Newcastle-veikinni í tengslum við venjubundnar bólusetningaráætlanir.“
